



259. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í Björgunarmiðstöðinni við Árveg, Selfossi, föstudaginn 29. september 2017 kl. 10:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, formaður, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS (undir lið 1 og 2) og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn og gesti velkomna.

Dagskrá:

1. Kirkjuferjuháleiga

Kostnaðaráætlun frá EFLU vegna frágangs á námu og frárennslisskurði var lögð fram. Formanni er falið að ræða við landeiganda.

2. Viðræður við SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu).

Unnið hefur verið að gerð viljayfirlýsingar milli SOS og SSH. Farið var yfir stöðu mála. Stjórn samþykkir að funda með stjórn SSH um framhaldið.

3. Greining úrgangsmála á starfssvæði SOS.

Stefán Gíslason fór yfir drög að tillögum sem eru afrakstur af vinnu hans. Stjórnin samþykkir tillögurnar með hliðsjón af breytingum sem ræddar voru á fundinum sem lagðar verða fyrir aðalfund SOS.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Stefnt er að næsta fundi miðvikudaginn 18. október kl. 20 á Hótel Selfossi.

Fundi slitið kl. 12:20.

Jón G. Valgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Ásta Stefánsdóttir

Ari B. Thorarensen
Ágúst Sigurðsson